

Fundargerð

samráðsfundar um sjálfbæra þróun sveitarfélaga

Garðabær
20. mars 2017

Mætt voru:

Berglind, Hafnarfirði
Snorri, Reykjavíkurborg
Hrönn, Reykjavíkurborg

Erla Bil, Garðabæ
Tómas, Mosfellsbæ,
Guðbjörg Brá, Garðabæ sem ritaði fundargerð

Fundarefni:

1. Plastmál á höfuðborgarsvæðinu

Málið rætt og upplýst um framgang mála.

Til skoðunar er að samræma leiðir við söfnun á plasti á höfuðborgarsvæðinu. Sorpa hefur haldið 4 til 5 fundi með tæknimönnum sveitafélaganna á höfuðborgarsvæðinu og er unnið að greinargerð fyrir niðurstöður þessara funda sem vonandi verður undirrituð í þessari viku.

Í dag eru farnar 3 mismunandi leiðir við söfnun plastics á höfuðborgarsvæðinu. Í Reykjavík er pólitíska stefnumörkunin sú að sér safna plasti, þar sem valkvætt er um fjölda tunna við heimili og öflugt net grendagáma. Þá eru tvö tilraunaverkefni sem eru Seltjarnanesleið en þar er plast sett í sér merktá poka sem settir eru í orkutunnu og Kópavogs leið, þar sem plast og pappír er safnað saman í bláu tunnuna. Önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa boðið uppá flokkun á plasti á grenndargámastöðvum.

Vonast er eftir niðurstöðu þessara funda um hvaða leið er „best“ m.t.t umhverfis, efnahags og samfélags og þar með vera leiðbeinandi í hvaða stefnu sveitafélögin vilja setja sér varðandi hirðu á plasti.

2. Uppbygging innviða fyrir rafbíla – margir aðilar bjóða sveitarfélögum þjónustu

Orkusjóður auglýsti styrki. Breytilegt eftir sveitafélögum hvað þau fengu.

Styrktaraðilar hafa verið að kynna sér hleðslustöðvar og greiðsluþjónustu sem í boði eru. Þar sem um nýjung á markaði ræðir eru margir að þjónustaðilar að keppast um að komast inn á markaðinn og getur þetta því verið ruglingslegt fyrir styrktaraðilana. Mikilvægt er að innleiðing rafbíla og þar með innviða sem þarf, verði vel útfærð til að ná fram fjölgun þeirra bíla.

Sveitafélög ætla líklega ekki að reka hleðslustöðvar, heldur gera þjónustusamninga við fyrirtæki um rekstur stöðvanna, en ekki liggur fyrir hvernig því verður háttað. Stefna sveitafélaganna í þessum efnum er þó mismunandi og ekki komin endanleg ákvörðun hjá neinu þeirra að við teljum.

Sveitafélögin mættu hafa stefnu hvað varðar rafbíla. Reykjavík er með loftslagsstefnu þar sem fram koma áherslur varðandi rafbílavæðingu auk þess sem tekið er fram að stefnt er að því að bílafloti borgarinnar verði laus við losun gróðurhúsalofttegunda fyrir 2025.

3. Endurheimt votlendis – styrkir frá Landgræðslu ríkisins

Auglýstir voru styrkir hjá Landgræðslu ríkisins í des 2015 og aftur í mars 2016. Heildarupphæð styrkja á árinu 2016 var aðeins 20 milljónir. Sama upphæðin er 2017 og hefur því ekki aukist milli ára. Endurheimtarverkefni eru aðalega tvennskona.

1) Ýta í skurði

- Garðabær fór þá leið við endurheimt votlendis á Álftanesi. Verkefnið kláraðist í febrúar og var kostnaður töluvert meira en styrkurinn nam. Loftorka vann verkefnið, þar sem beltavél á extra breiðum beltum var notuð og unnu þeir þetta virkilega vel.
- Við Kasthúsatjörn var grafið niður um 1 meter og búin til hólmi og eykur það einnig við landsvæði fyrir fugla.

2) Stíflur úr jarðvegi

- Krísuvík hefur sú leið verið farin en það getur verið hættulegt fyrir búfénað og krakka að fara þá leið. Þessi leið er notuð ef ekki er hægt að ýta í skurði.

Reykjavíkurborg stefnir að endurheimt votlendis við Úlfarsárdal, en það er í dag beitarland til hrossabeitar. Megnið af mögulegum tækifærum til endurheimtunnar votlendis í Reykjavík eru ekki á borgarlandi heldur innan lands í einkaeigu.

4. Beitarhólf

- Mosfellsbær fær úttekt á beitarhólfum árlega. Mosfellsbæjar lætur hestamannafélagið borga fyrir úttektina með leiguverði beitihólfanna. Beitarhólfín fá svo ákveðna einkunn Sérfróður eftirlitsaðili frá verkfræðistofu tekur út hólfin. Leiguverð borga úttektina og uppsetningu og viðhald girðinga. Bærinn hefur gert samkomulag við hestamannafélagið um handsömun á lausagönguhross.
- Álftanes. Passað er uppá að beitarhólfum sé nokkuð jafnbeytt en það fer líka eftir tíðafari.
- Reykjavík, hefur ekki lagt mat á beitarþol í beitihólfum,

5. Hundar

Heilbrigðiseftirlitið í Reykjavík og Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis sér um handsömun hunda en hundaeigendur tala um að þeir vilji gera þetta sjálfir, líkt og með hestana Mosfellsbær er með hundaeftirlitsmann, en hefur dregið úr þjónustustiga frá því sem áður var, og nú er útköllum ekki sinnt eftir hefðbundinn vinnutíma á daginn.

6. Verndarsvæði í byggð – Minjastofnun

Verndarsvæði í byggð stuðlar að vöndur sögulegrar byggðar eða ákveðins byggðarmynsturs.

Garðabær hefur fengið styrk frá Minjastofnun Íslands til að vinna að því að Garðahverfi verði skilgreint sem *Verndarsvæði í byggð* og mun þá samkvæmt lögum njóta sérstakrar verndar. Garðabær sækir um formlegt leyfi fyrir verndarsvæði í byggð með Garðahverfi og svo þarf að fá samþykki ráðherra.

Ferlið er þannig að skrifað er uppá samning við ráðgjafa til að gera deiliskipulag, fornleifakönnun og húsakönnun.

Aftur verður auglýstir styrkir í mars – apríl 2017.

Í framhaldi af þessu mætti nefna að veita mætti styrki til að skipuleggja græn svæði, þar sem það er oft kostnaðarsamt fyrir sveitafélögin og því situr það oft á hakanum, en er engu að síður mikilvægt.

7. Vorhreinsun 2017 – þátttaka íbúa í hreinsun bæjarlandsins

- Garðabær er með félagastyrki fyrir vorhreinsun í apríl yfir 30 hópar í fyrra tóku þátt í fyrra. Einnig er Garðabær með hreinusnardag íbúa þar sem garðaúrgangur er fjarlægður fyrir íbúa um miðjan maí. Fáum verktaka til að fjarlægja garðaúrganginn og hvetjum íbúa til að fella þau tré sem það ætlar að fella úr garðinum og láta bæinn taka það. Einnig eru íbúar hvattir til að jarðgera heima.
- Reykjavík er hreinsunardag sem tengist evrópskum viku í kringum 6 maí. Landvernd er á sama tíma að virkja sjálfbóðaliða til að ganga fjörur og þrífa m.a. Bláa herinn sem er hópur sjálfbóðaliða til að ganga fjörur. Ekki hafa verið veittir styrkir til hreinsunar.

8. Sumarið 2017 – sumarstörf

Áhyggjur eru af því að fáir vilji vinna í bænum, það er, 17 ára og eldri. Kemur niður á umhverfinu ef við náum ekki mannskap við umhirðu bæjarins.

Mosfellsbær er að ráða starfsmann í þjónusumiðstöðina sem leggur áherslu á skógrækt og ræður svo til sín verktaka. Fengu ekki mikið af góðum umsóknum og vilja koma til skila að mikilvægt er að vanda orðalag til að fá fólk með reynslu.

Áhugaverðir fundir framundan:**9. Vistgerðir á Íslandi – málþing Náttúrufræðistofnunar 17. mars kl.13-16**

Þetta gæti átt heima á SAMGUS fundi,

Var mjög fróðlegt og góð kynning.

10. Vorfundur SAMGUS daganna 6.-7. apríl í Mosfellsbæ**11. Vorfundur SATS 4.-5. maí í Vík í Mýrdal****Önnur mál:****12. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða**

Reykjavík, Hafnafjörður og Garðabær fengu nýlega styrki, en sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa sjaldan fengið styrki úr sjóðnum. Mosfellsbær er búin að sækja um nokkrum sinnum en hefur aldrei fengið..

Telur Mosfellsbær það vera erfitt fyrir sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu að fá úthlutun úr sjóðnum og fá þá verkfræðistofu til að vinna umsókn. Áherslur sjóðsins virðast fremur hafa verið á ferðamannastaði á landsbyggðinni. Byggir þetta á því að af um 177 úthlutunum til sveitafélaga á landinu hafa u.þ.b. 7 farið til höfuðborgarsvæðisins.

Garðabær hefur fengið aðstoð við umsóknir hjá verkfræðistofunni -Eflu.

Spurning hvort verið sé að opna meira á höfuðborgarsvæðið?

Örn Þór Halldórsson, ferðamálastofu og áður hjá sambandi sveitafélaga hvetur sveitafélögin á höfuðborgarsvæðinu til að gefast ekki upp og að áherslan sé að aukast þar.

Staðardagskráin hætt og heimsmarkmiðin komin í staðin.

Mosfellsbær ætlar að hafa opin fund umhverfisnefndar og kynna þessi mál um þessa skiptingu. Gott að fá kynninu / umræðu og vonandi minkar flækjustigið. Verður haldi 18 maí. Markmiðið er að reyna að kynna heimsmarkmiðin fyrir bæjarfulltrúum.

Fyrst og fremst kafli 11 í heimsmarkmiðunum er fyrir sveitafélög.